

## HULÍÐSHEIMAKORT



### INNGANGUR:

Skynjun mín er sérstök og vil ég biðja þig að taka henni sem hverju öðru ævintýri. Náttúran sem og jörðin hefur tíðnisvið í sjö sinnum sjö víddum. Á Akureyri eru verur á sjö tíðnisviðum og orkulínur í þremur víddum. Þetta kort er teiknað og unnið í þeirri von að þú og allir þeir sem sjá það beri virðingu fyrir náttúrunni og landinu. Mér finnst skipta mestu máli að við finnum að við erum öll ein heild. Það er sú hugsun sem hvetur mig til að koma skynjun minni á framfæri.

Ef þú vilt upplifa með mér ævintýrið skaltu skoða kortið, horfa og finna með hjartanu. Farðu á þá staði sem þér list á og notaðu hugleiðinguna. Þá gæti þessi ævintýraheimur opnast þér. Njóttu í þögn og gleði.

Erla Stefánsdóttir

### HUGLEIÐING:


Finndu þér kyrrlátan stað, þar sem hljómur náttúrunnar gefur þér tóna og von. Sestu þar og horfðu inn á við, hlustaðu eftir himins- og jarðartónum, finndu taktslög lífs og jarðar. Finndu að landið, himininn, þú, ég og við öll erum eitt. Finndu hljóm sköpunarinnar gagntaka þig og finndu að sá er skapaði allt þetta er nálægur.

### FORMÁLI ÚTGEFANDA:

Vinkona mín, Erla Stefánsdóttir sjáandi, hefur dásamlegt auga. Hún sér og skynjar bylgjulengdir, sem ná langt út fyrir það sem venjuleg mannleg augu sjá og skynja. Mig hefur lengi langað að biðja hana að teikna hulíðsheima og hulduverur Akureyrar og fyrir um tveimur árum var þessu verki hrint úr vör, með dyggri aðstoð Guðrúnar Sigríðar Haraldsdóttur, sem hannaði kortið. Kæri vinur, hér er kortið. Gakktu inn í náttúruna og ævintýrið með okkur. Með friðar- og kærleikskveðjum,

## ORKA JARÐAR

Öll form lífsins eru hlaðin lífsorku, sem streymir og hljómar líkt og fögur hljómkvíða og er innri birting efnisins. Móðir jörð er lifandi vera gædd mætti, vitund og lífi. Æðakerfi, eða orkulínur jarðarinnar eru sem lifandi ljós er streymir milli orkupunkta. Þær eru sem þétríðið net um alla jörð og tengja saman stóru og smáu orkustöðvarnar, gróðurbeltin og álfheimana. Englendingar kalla þær leyfines, Kínverjar drekaslóðir og Ástralíubúar sönglínur. Þessar línur gefa okkur íbúunum kraft og gleði.




Orkustöðvar landsins eru sjö og yfir þeim gnæfa björtustu fjallaguðir landsins. Hofsjökull er höfuðstöðin og sendir frá sér orkustrengi á 12 tíðnisviðum. Frá bláum vatnslínunum á efstu sviðum jarðheims og neðstu sviðum geðheims, upp til gullinna lína, sem eru á efstu sviðum innsæisheims. Þessir ljósstrengir tengja saman útverði landsins, þá náttúruvætti sem við þekkjum í skjaldarmerki Íslands. Í vestri er Snæfellsjökull, austri Snæfell, norðri Kaldbakur, í suðri Mýrdalsjökull. Þá er ótalin drottning fjallanna Herðubreið og prinsinn Hlíðufell.


Katrín Jónsdóttir

## ORKA EYJAFJARÐAR

Orkulína sem streymir í hánorður frá Hofsjökli, fyllir Eyjafjörðinn ljósi og stefnir á Kaldbak, til gyðjunnar, sem gefur okkur fyrirheit um von og heilun. Þar eru ljúfustu hulduverur landsins í fjöllum og gróðri, álfar, huldufólk, dvergar, jarðdvergar, ljósálfar og dísir. Þessi orkulína er ein af kraftmestu línunum landsins og ættum við að skerpa okkar innri vitund til að njóta hennar. Hér er ríki hulduvætta. Hér er vor og yndi þótt norðangarrinn blási að vetri.



Súluur, Kaldbakur og Uppsalaheimum senda ljósfjólubláa strengi milli sín, sem mynda eins og þríhyrning í kringum Akureyri. Gaman er að minnast þess, að Helgi magri, sem er landnámsmaður og verndari þessarar byggðar trúði á guðinn Þór en hans „himnaríki“ voru Uppsalar.



Kaldbakur, blágræn-silfraður, með örlitlum fjólubleikum strengjum. Ein af stærstu orkustöðvum landsins, græn orkustöð þar sem álfa- og hulduverur dansa í ljósi þessarar fjallagöngu. Þú getur hugleitt og tónað grænan tón gegnum þína hálsstöð, þá færðu himneskan samhljóm.



Verndarengill Akureyrar er í blágrænum tónum og streymir frá honum græn og gul tindrandi orka. Það segir okkur að þessi vera er í sama takti og gróðurgyðja landsins.

## FORTÍÐIN Í NÚTÍÐINNI



Bústaðir álfa í Vaðlaheiðinni.

Með því að nota ævintýraugað má sjá fram og aftur í tímann. Gaman er að ferðast um Eyjafjörðinn, því þar eru margar kirkjur í nútíð og fortíð. Eru ljósbönd milli þeirra og lýsa þær sem vitar og segja mismunandi langar sögur. Sumar eru allt frá árinu 1000 og fyrr, því margar þeirra hafa verið reistar á rústum gamalla hofa, eins og víða um land. Ekki þurfa þær að vera mikið notaðar í nútíð til þess að ganga þar inn og finna fyrir því fólki, sem lifði þarna í sælu eða sorg. Kyrrðin gefur okkur tóna og vegvísa inn í trúarlíf okkar.

Forfeður okkar kunnu þá list að búa til ljósvegi, með því að klappa steina í vörður þótt margir kílómetrar væru á milli þeirra. Eftir ljósvegum rötuðu hestar til byggða þótt dimmviðri blindaði mannsaugað.

Beint á móti Akureyri, í hlíðinni neðarlega í Vaðlaheiðinni, má sjá þrjú þorp. Álfar búa í einu, huldufólk í öðru og einnig má sjá húsabyrpingu, sem ég tel vera fortíðarmynd af mannabústöðum, tíu til tólf hús upp af Festarkletti, sem er innarlega og austan fjarðar. Upp af honum er Vaðlaþing, forn þingstaður og sé ég að þar er hlaðinn hringur með segldúk eða strekkt skinn yfir sem þak. Enn er hægt að greina þar stór og smá skip, sem gefur til kynna að fjörðurinn hafi náð lengra í suður, en hefur fyllst af leirburði ána í aldanna rás.

Það er kannski ekki að undra að skarpsýnir Akureyrarbúar sjái ljós í gluggum handan við fjörðinn, þar sem engin hús eru til staðar í efnisheimi.

Greinilega hefur fólk komið frá Noregi að norðan inn Eyjafjörðinn, líkt og Helgi magri og kona hans Þórunn hyrna. Segir sagan að þau hafi búið nálægt Sólarfjalli og jafnvel í Hrísey fyrsta árið. Seinna meir bjuggu þau á Kristnesi. Margir hafa byrjað veru sína hér í firðinum að Gásam, því gott var að leggja skipum sínum þar og stutt á veiðar. Ég hef séð myndir á Gásam sem virðast vera allt að 1500 ára gamlar. Sést þar annarskonar fólk en Norðmenn, dökkt með strítt hárr.

## SAMBAND MANNS OG HULDUVERA

### GÖMLU HJÓNIN

Gömul hjón bjuggu á Eyrinni og átti konan vinkonu - huldukonu í næsta húsi. Þær voru vanar að fá lánaða hvor hjá annarri ýmsa hluti. Þær voru með sama fjölda barna og börnin léku sér saman. Karlarnir þeirra voru á sjó og allir vissu að karlinn í mannheimi stundaði sjóinn, en fáir vissu um huldukarlinn, en hann fiskaði líka. Karlinn í mannheiminum seldi sinn fisk í þorpinu en ekki fylgdi sögunni hvað huldukarlinn gerði við sinn afla. Síðar gerist það að karlinn úr mannheiminum uppkomin en ekki í hulduheiminum. Mannabörnin komu norður og höfðu áhyggjur af móður sinni, en hún sagðist fá hjálp í næsta húsi – steininum í túninu. Það tæmdist aldrei búrið hennar eftir þetta og í hvert sinn sem hún opnaði dyrnar var fiskur á dyrabrepinu, ýmist ýsa, þorskur eða steinbitur. Þannig lifði hún í 15 ár eftir dauða bónda síns eða þar til hún dó.

### BÍLPRÓFIÐ

Ég kynntist stúlku, Aðalheiði Friðbjófsdóttur um 1970 er sagði mér skemmtilega sögu. Hún var búsett á Húsavík og þegar hún var 18 ára, tilbúi til bílpróf, fóru foreldrar hennar með henni til Akureyrar til að taka prófið. Þetta var snemma hausti í góðu veðri. Gistu þau hjá vinafólki. Gekk prófið vel og ætluðu þau svo heim næsta dag. Þegar komið var upp á Vaðlaheiði fór að snjóa og þéttist muggan svo að faðirinn hafði orð á að snúa við. Nú var farið að svipast um eftir útskoti til að geta snúið bílnum við. Allt í einu sjá þau stórt útskot með ljósum líkt og pall út í Eyjafjörðinn. Þurfti hann ekki að bakka, en ók út á þennan pall og gat snúið bílnum við í einum hring og ekið inn á Akureyri. Fóru þau til vana sinna og töluðu um þennan lýsandi pall. Ekki könnuðust vinirnir við lýsinguna. Næsta dag leggja þau í hann í blíðskaparveðri. Fóru þau nú að huga að þessu stóra útskoti en fundu það ekki þann dag eða síðar. Mun þetta hafa verið kringum 1940. Er þetta ekki handleiðsla Guðs?

Höfundur texta og teikninga: Erla Stefánsdóttir.

Útfærsla mynda og hönnun: Guðrún Sigríður Haraldsdóttir.

Útgáfa og dreifing: Katrín Jónsdóttir, s.: 895-7333, [k.jons@internet.is](mailto:k.jons@internet.is)

Prentun: Ásprent Akureyri í júlí 2009.

Styrkt af Akureyrarbæ.

Kort þetta má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, þar með talið tölvutækt form, að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar.

[www.hulidsheimar.is](http://www.hulidsheimar.is)